Sýnatökuáætlun – Lyfjaleifar og óæskileg efni

Framkvæmd

Aðgerð	Úttak	Ábyrgð og framkvæmd
Byrjun		
1. Upplýsinga-söfnun	Mál í málakerfi	1. Sérfræðingur lyfjamála tekur saman upplýsingar frá Lyfjastofnun um lyfjakaup dýralækna ásamt skráningum úr Búfjárheilsu á lyfjanotkun og sölu til bænda. Upplýsingarnar eru skoðaðar til að sjá hvaða lyfjaflokkar eru í mestri notkun og hvernig þeir dreifast yfir árið Sérgreinadýralæknir efnaleifa á Dýraheilsu aflar gagna um niðurstöður sýnatöku síðasta árs (vistuð í málakerfi með málsheiti ´Efnaleifar 20XX´) og aflar upplýsinga um framleiðslu magn ársins (frá sláturleyfishöfum (Búnaðarstofa), mjólkurstöðvum (Auðhumla), eggjaframleiðendum (sérgreinadýralæknir alifugla) og rekstraraðilum í fiskeldi (sérgreinadýralæknir fiskisjúkdóma)). Sérgreinadýralæknir efnaleifa stofnar mál fyrir árið í málakerfi þar sem öll gögn og samskipti eru vistuð (´Efnaleifar 20XX´, málalykill 8.10 Efnaleifar).
2. Rannsókna-stofur	Samningar Málakerfi	2. Sérgreinadýralæknir efnaleifa er ábyrgur fyrir endurnýjun samninga við rannsóknastofur (SLV, FVST, WFSR, CER, EUSELI, Matís ohf) m.a. með tölvupóstsamskiptum við tengiliði hverrar rannsóknastofu fyrir sig. Í samningum þarf fjöldi sýna að koma fram sem og dýrategund, tegund sýnis (matrixa), mæliþættir, verð, móttökutími sýna og skil á rannsóknaniðurstöðum.
3. Uppsetning áætlunar	Drög að áætlun	3. Fjöldi sýna af hverri dýrategund er áætlaður miðað við framleiðslumagn frá árinu á undan og sýnum gróflega dreift á mæliflokka. Heiti skjalsins er ´National plan 20XX_Iceland´. Sérgreinadýralæknir efnaleifa útbýr einnig nákvæmara skjal þar sem sýnum er skipt niður á mæliflokka og sýnagerð, mælingar í hverjum mæliflokki nákvæmlega tilgreindar sem og rannsóknastofur fyrir hverja mælingu. . Heiti skjalsins er ´Sýnatökur 20XX´. Skjölin eru bæði vistuð inn á OneDrive undir möppunni ´Efnaleifar > Efnaleifar 20XX´.
4. Samþykkt áætlunar	Sýnatökuáætlun	4. Sérgreinadýralæknir efnaleifa leggur drög að efnaleifakostnaðar-áætlun fyrir yfirstjórn MAST til samþykktar.
5. Útsending áætlunar	t-póstur Málakerfi	5. Sérgeinadýralæknir efnaleifa og fagsviðsstjóri Evrópumála vinna saman að því að efnaleifaáætlun viðkomandi árs verði send á formlegan hátt til Eftirlitsstofnunar Efta (sent á netfangið postur@anr.is). Við undirbúning sýnatöku og úrvinnslu niðurstaðna er unnið eftir LBE-010.
Endir		